

Tobías Sveinbjörnsson  
Fléttuvellir 10  
221 Hafnarfjörður

Hafnarfirði, 19. feb. 2018  
1801604 GþG

Efni: Fléttuvellir 10, fyrirspurn.

Erindi vegna Fléttuvalla 10 barst skipulags- og byggingarfulltrúa þann 25. janúar síðastliðinn þar sem óskað ver eftir að reisa grindverk á lóðarmörkum. Með erindinu fylgdi skissa er sýnir fyrirhugaða framkvæmd á lóð. Á innsendum gögnum var þó ekki ljóst hversu langt frá lóðarmörkum átti að staðsetja grindverkið né fjarlægð frá aðliggjandi lóðum.

Nú hefur borist skissa sem sýnir hæð veggja og fjarlægð frá lóðarmörkum . Ekki er gerð athugasemdi við þá vegg sem sýndir eru innan lóðar, 1.8m á hæð enda 2m frá lóðarmörkum aðliggjandi lóðar við Fjóluvelli 1 og uppfylla þar af leiðandi ákvæði byggingarreglugerðar gr.2.3.5.

Hins vegar er ekki fallist á að grindverk sem fyrirhugað er við lóðarmörk bæjarins eins og það er lagt fram á innsendri skissu, þ.e. 1.6m á hæð. *Hins vegar er vel hægt að fallast á erindið verði grindverkið lækkað sem nemur 20 cm eða hæð þess verði 1.4 m.*

Virðingarfyllt,

---

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt.